

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra Páls Sigurðs- 133
sonar, sóknarprests í Bolungavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af 16. júlí
dómsmálaráðherra 16. júlí 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Páls Sigurðssonar, sóknarprests í Bolungavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning séra Páls Sigurðssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í minningu um séra Pál Sigurðsson, fyrsta sóknarprest Hólsprestakalls í Bolungavík, á 65. fæðingardegi hans, 29. ágúst 1949, fyrir forgöngu Bolvíkingafélagsins í Reykjavík. Stofnendur eru nokkrir fyrrverandi Bolvíkingar og vinir séra Páls.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1245.00. Tekjur hans eru auk árlegra vaxta, það fé er honum kann að berast sem gjafir, áheiti, minningargjafir, eða á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að fegrun Hólskirkju, utan sem innan, og umhverfi hennar. Má til þess nota helming árlegra tekna sjóðsins. Hinn helmingurinn sé lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 skal aðeins skylt að leggja einn fjórða hluta af árstekjum hans árlega við höfuðstólinn. Sé sá hluti teknanna, sem ætlaður er til notkunar, ekki notaður í eitt eða fleiri ár, leggst hann við sjóðinn í bili. En heimilt er að taka það fé út síðar, án vaxta, ef þörf er á. Sjóðurinn sé ávaxtaður í Sparisjóði Bolungavíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Hólsprestakalls, formaður sóknarnefndar Hólssóknar og ein kona, er ávallt sé kosin af safnaðarfundum samtímis sóknarnefnd. Sjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans. Hún semur árlega reikning sjóðsins og leggur hann fyrir safnaðarfund, endurskoðaðan, ásamt reikningi kirkjunnar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema allir stjórnendur sjóðsins séu breytingu sammála og safnaðarfundur samþykki.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. ágúst 1949.

Stjórn Bolvíkingafélagsins í Reykjavík.